Nd. **428. Frumvarp til laga** [100. mál]

um breyting á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 31. marz.)

1. gr.

1. málsgr. 37. gr. laganna orðist svo:

Við Háskóla Íslands eru þessi prófessorsembætti: 1. Í guðfræðideild 4, 2. í læknadeild 13, 3. í lagadeild 5, 4. í viðskiptadeild 3, 5. í heimspekideild 13, og er eitt þeirra embætti forstöðumanns Handritastofnunar Íslands, sbr. lög nr. 36 18. apríl 1962, 6. gr., 6. í verkfræðideild 5.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 51 11. júní 1960, um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands, 1. gr., lög nr. 51 27. apríl 1962, um breyting á lögum nr. 51 11. júní 1960, um breyting á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands, og lög nr. 72 31. des. 1964, um breyting á lögum nr. 51/1962, um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.